



Alþingi
Erindi nr. P 139/85
komudagur 3. 11. 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2010

EFNI: UMSÖGN – Þskj. 44, 43. mál.


Borgarahreyfingunni hefur borist ósk frá nefndasviði Alþingis hvar sent er til umsagnar frumvarp til laga um þingsköp Alþingis (þingseta ráðherra), 43. mál.

Erindið barst skrifstofu Borgarahreyfingarinnar þann 28. október og var málið tekið fyrir á stjórnarfundum þann 2. nóvember.

Borgarahreyfingin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og mælir með samþykki þess, enda eru bundnar vonir við að frumvarp um breytingu á stjórnarskrá, hvar kveðið er á um að þingmaður skuli víkja úr þingsæti meðan hann gegnir ráðherraembætti, verði samþykkt.

Kær kveðja,

f.h. Borgarahreyfingarinnar



Guðmundur Andri Skúlason

Alþingi
Erindi nr. P 139/183
komudagur 9. 11. 2010

KJARARÁÐ

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mál nr. 1011002
Reykjavík, 3. nóvember 2010

Efni:

**Umsögn kjararáðs um mál nr 43 á 139. löggjafarþingi
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis**

Kjararáð tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. kjararáðs



Svanhildur Kaaber



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 139/258
komudagur 16.11.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík	15. nóvember 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis allsherjarnefndar, dags. 28. okt. sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um þingsköp Alþingis (þingseta ráðherra) 43. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur ekki eðlilegt með vísan til lögbundinnar stöðu sinnar að taka afstöðu til ofangreinds frumvarps.

Erinn Hrafn

Linn Ólafsson

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/228
komudagur 12.11.2010

Reykjavík 11. nóvember 2010

Varðar umsögn um frumvarp til laga um þingsköp Alþingis (þingseta ráðherra) – 43. mál, þskj. 44 á 139. löggjafarþingi

Frumvarpið er þingmannafrumvarp og hefur fengið umfjöllun hjá þingflokki Samfylkingarinnar sem hefur veitt því brautargengi.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt í flokksstjórn Samfylkingarinnar 26. júní sl. „Flokksstjórn Samfylkingarinnar ályktar þess efnis að ráðherrar flokksins segi sig tímabundið frá þingmennsku gegni þeir einnig stöðu ráðherra.

Beinir flokksstjórn því að ráðherrum flokksins að þeir geri það sem fyrst.


Með því sýna ráðherrar Samfylkingarinnar í verki þann ásetning flokksins að styrkja beri stöðu Alþingis og skerpa á aðskilnaði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu.”

Í stjórn málaályktun landsfundar Samfylkingarinnar, 22. maí 2005 segir m.a. í kafla 7 Lýðræði í þróun, „Ráðherrar gegni ekki þingmennsku sem m.a. stuðlar að því að skerpa aðgreiningu löggjafar- og framkvæmdavalds.”

Í stjórn málaályktun landsfundar Samfylkingarinnar, 2. nóvember 2003 segir m.a. í kafla um lýðræðismál; „Ráðherrar eiga að segja af sér þingmennsku á meðan þeir þjóna sem framkvæmdavaldshafar og gera landið að einu kjördæmi.”

Frumvarpið samræmist stefnumótun stofnana Samfylkingarinnar og styður hún því framgang þess.

F.h. Samfylkingarinnar


Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra